

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 650 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðmundur H. Sigurðsson, skal afsala stefnanda, Sigurjóni Jónssyni f. h. hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps, jörðinni Lækjarbotnum í Seltjarnarneshreppi með húsum, gögnum og gæðum fyrir 27 þús. krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Við undirskrift afsals skal stefnandi greiða stefnda 13 þúsund krónur, en að öðru leyti skal afsalið vera í samræmi við rskj. nr. 6 í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda 650 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. febrúar 1947.

Kærumálið nr. 6/1947. Eric Christiansen

gegn

Sveini & Gísla h/f.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Kröfu um frávísun máls hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með bréfi 31. janúar þ. á. kært til hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Akureyrar 27. s. m., um, að máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja skuli ekki vísað frá undirrétti. Barst hæstarétti kæran 7. þ. m.

Sóknaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að málinu verði vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti greinargerð né kröfur í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessu fellur kærumálskostnaður í hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 27. janúar 1947.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms þann 28. þ. m., hafa stefnendur, Sveinn og Gísli húsabyggingameistarar, Siglufirði, höfðað fyrir aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu með stefnu, birtri 16. þ. m., á hendur Erik Christiansen, Dalvík, Eyjafjarðarsýslu, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 5630.25, ásamt 6% ársvöxtum frá 3. okt. s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við þingfestingu varð það að samkomulagi milli aðilja, að málið skyldi rekið fyrir bæjarþingi Akureyrar.

Stefndi krafðist þess, að málinu yrði vísað frá dómi vegna galla á málatilbúnaði, þar sem það væri höfðað á varnarþingi stefnda, án þess það væri fyrst lagt til sátta fyrir sáttamenn, en engin heimild væri til slíkrar málsmeðferðar. Þá krafðist stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Stefnendur mótmæltu frávisunarkröfunni og málskostnaðarkröfunni með skírskotun til þess, að mál þetta er eitt þeirra mála, sem stefnda er skylt að þola dóm í utan varnarþings síns samkvæmt 82. gr. einkamálalaganna, en samkvæmt 5. tölulið 5. gr. sömu laga leitar dómari sátta í slíkum málum. Stefnendur segja stefnukröfunna vera fyrir andvirði hurða og glugga, er þeir létu stefnda í té frá starfsstofu sinni á Siglufirði.

Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnda, að stefnendur hafi fasta starfsstofu á Siglufirði í merkingu 82. gr. einkamálalaganna, og er ekki ágreiningur um það, að mál þetta hefði verið undanþegið sáttaumleitan sáttamanna, ef það hefði verið höfðað á varnarþingi stefnenda.

Orðalag 5. töluliðs 5. gr. einkamálalaganna þykir ekki heimila þá túlkun, að reglan gildi einungis, ef varnarþingsheimild 82. gr. laganna er notuð. Er því nægilegt, að heimildin sé fyrir hendi. Samkvæmt þessu er mál þetta undanþegið sáttatilraun sáttamanna, og verður frávisunarkrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Frávisunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.